

Sendandi: Velbú, samtök um velferð í búskap  
Til nefndasviðs Alþingis, 17. janúar 2022

**Umsögn um breytingu á lögum um velferð dýra, nr. 55/2013 (bann við blóðmerahaldi).** 15. mál, lagafrumvarp 152. löggjafarþing 2021–2022.

**Samtökin Velbú hvetja þingmenn til að veita þessu mikilvæga tímamótafrumvarpi samþykki og færum við rök okkar fyrir því í þremur hlutum.**

## 1. Velferð dýra

Hér er um að ræða framleiðslu sem Ísland, eitt Evrópulanda, hýsir. Innan Evrópusambandsins og í Sviss er blóðtaka úr fylfullum hryssum og hryssum með folöld á spena bönnuð, nema í rannsókn- og læknisfræðilegum tilgangi. Alþingi ber því mikla ábyrgð, gangi það á undan með því fordæmi að heimila framleiðendum áfram blóðmerahald, sér í lagi í ljósi þeirra afhjúpana sem áttu sér stað síðastliðið ár.

Með því að veita framleiðendum áfram heimild til blóðmerahalds:

- Veitir Alþingi því staðfestingu að blóðmerahald uppfylli lög um velferð dýra, nr. 55/2013, sem við í Velbú erum alfarið ósammála;
- staðfestir þingið að dýrin eigi ekki að njóta vafans, heldur framleiðendur sem fjárhagslegra hagsmuna hafa að gæta;
- er fordæmalaust og ákaflega lágt viðmið sett fyrir framtíðarákvarðanir þingsins um hvernig meðferð telst standast lög um velferð dýra.

Umsagnaraðilar hvetja þingmenn til þess að velta fyrir sér þeim mikilvæga sessi sem íslenski hesturinn hefur skipað í hugum Íslendinga í gegnum aldirnar. Fá, ef einhver önnur húsdýr njóta sömu virðingar og hann. Ef þetta er það viðmið sem við setjum um viðunandi meðferð hestsins, hvaða meðferðar eigum við að vænta fyrir önnur dýr.

## 2. Eftirliti ábótavant

Eftirliti með velferð dýra á Íslandi er ábótavant. Það þekkjum við í Velbú vel og án efa öll samtök sem berjast fyrir bættri velferð dýra og aukinni dýravernd á Íslandi. Afskipti erlendra aðila (í þessu tilviki, svissneskra dýraverndarsamtaka, AWF/TSB) þurfti til að svipta hulunni af þeirri meðferð sem á sér stað í þessari framleiðslu.

Hér skal áhersla lögð á að blóðmerahald er þegar bundið ströngum reglum um aðkomu og eftirlit dýralækna. Sú afhjúpun sem átti sér stað sýnir að ekki er öllum framleiðendum treystandi til að stunda blóðmerabúskap og að eftirliti er stórlega ábótavant. Velbú fær ekki séð hvaða viðbótarkröfur um eftirlit ættu að duga til að tryggja velferð dýranna.

### 3. Slæm áhrif á loftslag og umhverfi

Blóðmerahald hefur þann tilgang einan að styðja við verksmiðjueldi dýra, þ.e. framleiðslu efnis sem eykur frjósemi eldisdýra svo meiri framleiðsla fáiast. Þau frjósemislyf, sem framleidd eru í íslensku blóðmerahaldi eru seld og notuð í verksmiðjueldi erlendis. Virðiskennda framleiðslunnar er því löng og hefur áhrif langt út fyrir landsteinana. Dýraeldi hefur mikið kolefnisfótspor; krefst gífurlegs landsvæðis og vatnsmagns auk þess sem það hefur neikvæð áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika. Samkvæmt Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (e. Food and Agriculture Organisation) er árleg heildarlosun frá búfénaði á heimsvísu 7,1 gígatonn CO<sub>2</sub>-ígilda, sem samsvarar 14,5 prósentum af allri losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum. Íslensk stjórnvöld hafa sett sér metnaðarfull áform um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og hér er kjörið tækifæri til að leggja lóð á vogarskálarnar í baráttunni við loftslagsvána.

Með því að samþykkja frumvarpið:

- tekur Alþingi afstöðu gegn illri meðferð dýra;
- stuðlar að því að draga úr verksmiðjueldi;
- og stuðlar að breyttum og bættum búvenjum sem hafa jákvæð áhrif á loftslag og umhverfi.

Með vinsemd og virðingu,

Velbú, samtök um velferð í búskap

